

## Námstilboð fyrir nemendur sem vilja almennt vinnustaðanám.

Hægt verði að taka slíkt nám í stað þess að vera í bóklegu námi eða sérnámi á ákveðinni verknámsbraut eða með t.d. verknámi á ákveðinni verknámsbraut.

### Inngangur

Allmargir nemendur VMA koma með slakan árangur eða lítinn áhuga á bóklegri grein eða greinum úr grunnskóla. Slíkt staðfestist oft í VMA þegar þeim gengur illa í bóknámsáföngum. Nánast allar verknámsbrautir krefjast bóknámsáfanga og þeir reynast oft erfiðir. Vitað er að allstór hópur nemenda sem á í erfiðleikum með bóknám hefur verið að ljúka umtalsverðu verknámi og þannig sýnt hæfileika, færni og áhuga á ákveðnum starfsgreinum en vegna takmarkaðrar getu, áhugaleysis eða annarra orsaka hafa þessir nemendur ekki lokið starfsnámi með öllum bóklegu áföngunum. Líklegt er t.d. að umtalsverður hópur þeirra sem starfa við flutninga og verktakastarfsemi hafi þennan feril.

### VMA skírteini

VMA vill geta afhent öllum nemendum skírteini þegar ákveðnu einingamarki er náð. 52 einingar, 13 einingar á önn í fjórar annir. Ekki fólgin nein réttindi og slíkt skírteini yrði óháð námsbrautum.

Einungis um helmingur nýnema lýkur 52 einingum á fjórum önnum. Sumir færa sig í aðra skóla en margir hætta námi (hrekjast út). (Niðurstaða úr skoðun á námferlum nýnemahópa sem byrjuðu haustin 2007 og 2008)

VMA býður AN1 á fyrsta ári sem er aðlögun að framhaldsskóla, kynning á verknámi í VMA og tækifæri til að skoða hug sinn og finna styrkleika.

Flestum nemendum gengur nokkuð vel í eitt ár á AN1 braut.

Á öðru ári velja mörg þeirra eitthvert verknám. Þau þurfa samt að fara í bóknám með. Vitum að það mun ganga illa hjá sumum.

Hugmyndin er að á öðru ári geti einhver hópur nemenda valið að vera í almennu vinnustaðanámi sem hluta af námi sínu í VMA í stað þess að vera í námi í t.d. bóklegum greinum sem sýnt er að þeir ráða illa við.

### Markmið:

- Að VMA geti boðið öllum nemendum uppá námsleiðir sem leiða til skírteinis (**námsloka, brautskráningar**). Sum skírteinin gefa ekki réttindi en eru formleg viðurkenning á að nám hafi verið stundað. Hér fylgir að VMA skilgreinir sig þannig að verið sé að veita nemendum 16 – 18 ára sérstaka þjónustu sem þau gætu ef til vill ekki átt kost á annarsstaðar. VMA tekur forystu sem sá aðili sem tekur að sér þennan aldurshóp hvað varðar viðfangsefni að vetri til. ( Hér er alltaf einhver fyrirvari um að nemendur sinni því sem þau eiga að gera og fylgi reglum. VMA skilgreinir sig þá út fram hlutverki sem skólastofnun en ekki t.d. sem félagsþjónusta eða hluti af heilbrigðiskerfinu.)
- Að viðurkenna að nám fer ekki bara fram í skólastofum eða skólaverkstæðum heldur allsstaðar þar sem námsumhverfi er til staðar. Þó er ekki öruggt að nám fari fram nema að unnið sé að því að ná fyrirfram tilgreindum námsmarkmiðum.
- Að nemendur geti fengið tækifæri til að átta sig á aðstæðum á vinnustöðum sem þau hafa áhuga á undir sameiginlegri umsjón vinnustaðarins og VMA og verið að hluta til í námi í VMA

með vinnustaðanáminu. Hér er ekki verið að gera ráð fyrir fullri vinnu nemanda. Heldur ekki því að námið sé eingöngu á vinnustaðnum.

- Að fyrirtæki og stofnanir (**geti tekið**) taki þátt í menntun fólks hvert á sínu sviði, geti þannig skoðað sjálf sig, kynnt starfsemina úti í samfélaginu og eigi kost stuðningi við að taka við hugsanlegum nýjum starfsmönnum.
- Að nemendur öðlist almenna færni í vinnubrögðum á vinnustað: Þekki öryggismál, aga á vinnustað, árangursrík samskipti, læri að vinna með öðrum og undir leiðsögn og fái reynslu og yfirsýn sem geri þeim betur kleift að fá atvinnu síðar.
- Að nemendur fái hugsanlega réttindi á einhverjum sviðum svo sem við meðferð vinnuvéla og tækja.

### **Fyrirkomulag almenns vinnustaðanáms. (Sjá líka uppsett á öftustu síðu.)**

#### **Fyrsta og önnur önn.**

Fyrsta námsárið er nemandi á þeirri braut sem hann hefur valið.

Á miðri vorönn velur nemandi að fara í almennt vinnustaðanám um haustið með áherslu á einhverjar atvinnugreinar. Miðað er við tvær aðalleiðir.

1. Að ná sér í vinnuvélaréttindi og þá að vera á vinnustað sem getur séð um að þjálfa notkun á þessum tækjum, oft eru nemendur í námi á grunndeild málm- og véltæknigreina.
2. Að fá reynslu af störfum í verslun, þjónustu og matvælagreinum. Hægt er að vera í matvælanámi eða öðru námi í VMA en fara á vinnustað sem býður nemanum uppá að þjálfast í ýmsum þjónustu- eða verslunarstörfum.

#### **Þriðja önn, haustönn.**

Annað námsár. Nemandinn er skráður í fullt/nokkurnvegin fullt nám í VMA.

Nemandinn tekur áfanga í verknámi og/eða þeim greinum sem líklegt er að muni ganga vel í bóklegu. Þetta gæti verið frá tæplega hálfu námi upp í rúmlega hálf ták, 7 – 10 einingar (14 – 20 kennslustundir á viku).

Strax að hausti á öðru ári er byrjað í kynningu á vinnustaðanámi, vinnustaðafræði:

Að heimsækja ákveðin fyrirtæki í hópum.

Í VMA verða áfangar um öryggismál, skyndihjálp og bóklegt námskeið í meðferð vinnuvéla.

Nemendur fara líka að þæla í því á hverju þau hafa áhuga og hvaða vinnustaðir gætu hentað þeim.

Seinni hluta haustannar er byrjað að fara dagparta á vinnustaðina.

Það er líka hægt að taka námskeið hjá björgunarsveit.

#### **Fjórdða önn, vorönn**

Þá heldur nemandinn áfram í einhverjum áföngum en dvelur heila daga (eða heilar vikur) á vinnustað. Kennari úr VMA heimsækir, nemandi vinnur að verkefnum og þarf að skila af sér, fylgst er með framförum og frammistaða er metin.

Ef um vinnuvélanámskeið var að ræða mun nemandinn fá verklega þjálfun í notkun á vinnustað undir leiðsögn einhvers með réttindi til þess.

Vinnustaðadvölin er talin til eininga eins og aðrir áfangar í VMA.

Að vori er frammistaða metin í heild á vinnustað og nemandi skilar af sér því sem á að skila. Eftir próf í öðrum áföngum fær nemandi VMA skírteini ef 52 einingum er náð.

### Samkomulag og hlutverk hvers aðila

Nemandi / forráðamaður skrifar undir þríhliða samkomulag ásamt fulltrúa vinnustaðar og VMA.

**Vinnustaðurinn:** (viðmið um uppkast að samningi milli VMA, vinnustaðar og nemanda / forráðamanns.)

- Vinnustaður greiðir ekki laun í almennu vinnustaðanámi. Vinnutími er samkvæmt útgefinni stundaskrá með þeim frávikum sem eru tiltekin á kennsluáætlun áfangans í VMA. Meiri vinna er greidd samkvæmt kjarasamningum.
- Vinnustaður er ekki skyldugur til að hafa viðkomandi í vinnu eftir vinnustaðanám.
- Vinnustaður útnefnir tengilið / leiðbeinanda sem tekur þátt í námskeiði eða á annan hátt fræðslu um það sem fer fram í vinnustaðanáminu, sér um samskipti við skóla, skilar af sér gögnum og því sem þarf og leiðbeinir nemandanum.
- Vinnustaður tryggir nemandanum tækifæri til að þjálfa þau atriði sem ætlast er til í almennri vinnustaðafærni. Nemandinn fær aðstoð við að skila af sér því sem ætlast er til.
- Vinnustaður getur nýtt nemanda í vinnu við þau störf sem hægt er að ætlast til að byrjendur vinni. Aldrei er hægt að ætla nemanda í almennu vinnustaðanámi að bera ábyrgð nema á einstökum verkum sínum.
- Vinnustaður og VMA sjá um að nemandinn sé tryggður vegna slysa og heilsutjóns eins og aðrir sem starfa á vinnustaðnum. VMA sér um að fara yfir þessi mál áður en vinnustaðanámið hefst.
- Vinnustaðurinn sér um að nemandinn fái þau vinnuföt sem eðlilegt er að séu notuð ef venjulegur klæðnaður dugur ekki. Miðað er við sömu venjur og gilda um vinnuklæðnað og búnað starfsmanna.

**Nemandinn:** (viðmið um uppkast að samningi milli VMA, vinnustaðar og nemanda / forráðamanns.)

- Gengst undir það að skólareglur VMA gildi á vinnustaðnum.
- Skilar af sér því sem ætlast er til, vinnur að þeim markmiðum sem sett hafa verið um vinnustaðanámið. Allt þetta kemur fram í kennsluáætlun.
- Tekur þátt í starfi á vinnustað og tekur þeim leiðbeiningum og leiðréttingum sem hann/hún fær.
- Leitast við að sinna störfum sínum með fullnægjandi hætti.
- Lætur vita af öllum óviðráðanlegum fjarvistum og fær leyfi hjá leiðbeinanda á vinnustað og í VMA samkvæmt þeim reglum sem gilda um það.

**VMA** (viðmið um uppkast að samningi milli VMA, vinnustaðar og nemanda / forráðamanns.)

- Afklar upplýsinga um áhugasvið nemenda, leitast við að finna vinnustað sem hentar, hefur samband við vinnustaðinn og nemanda og gengur formlega frá því að allir aðilar undirriti samkomulag um almennt vinnustaðanám.
- Sér um að öll gögn varðandi vinnustaðanámið, markmið, samninga, eftirfylgni og annað séu til reiðu þannig að hægt sé að nálgast það á vef VMA og í sérstakri handbók sem vinnustaðir og nemendur eiga.
- Útbýr kennsluáætlanir, ferilbækur, matskvarða og öll önnur gögn og hugsanlega umhverfi á internetinu sem þarf til að nemendur og vinnustaðir geti alltaf haft bestu upplýsingar og fjölbreytta möguleika á að koma frá sér gögnum og upplýsingum.
- Hefur stöðugt til reiðu yfirlit um viðveru, framfarir og almenna frammistöðu og veitir nemandanum upplýsingar með það að markmiði að nemandinn viti stöðu sína og hafi tækifæri til að bæta sig.
- Sér um að taka á deilumálum og ágreiningi og úrskurða um slíkt varðandi vinnustaðanámið.
- Sér um að búið sé að ganga frá tryggingum nemanda á vinnustað.

- Veitir leiðbeinendum á vinnustað stuðning og fræðslu með skipulegum hætti.
- Útnefnir kennara / matsmann sem hefur það hlutverk að fylgjast með nemendum í almennu vinnustaðanámi, heimsækja vinnustaðina og meta nemandann á vinnustaðnum, taka við gögnum frá vinnustaðnum og nemandanum og skila mati til nemanda, vinnustaðar og VMA. Þessi kennari sér um að gögn um frammistöðu og einkunnir ef við á skili sér rétta leið í námsferil nemandans og í gagnasafn skólans.

#### **Tími / einingar / skipulag stundatöflu:**

6 – 8 einingar á hvern nemanda.

Tveir dagar í viku 6 - 8 kennslustundir skv stundaskrá VMA, með hléum, það eru 5 - 6 ½ klst.

Byrjar viku eftir að skóli hefst á vorönn.

Hver vika þar til í lok apríl. Alls 14 vikur eða 28 dagar.

Önnur fög eru aðra daga í VMA alls 8 – 10 einingar.

Heilar vikur eða dagar í hverri viku?

Auðveldara er að skipuleggja stundaskrá þannig að nemandinn væri á vinnustað þri og fim en í VMA mán, mið og fös. Þarf samt að skoða það betur. Hugsanlega er best að skoða vinnustaðanámíð eftir á með tilliti til þess í hvaða öðru námi nemandinn er. Sumir gætu verið lausir tvo heila daga en aðrir gætu verið lausir alltaf eftir hádegi og verið þá í vinnustaðanáminu.

Heilar viku í burtu krefjast náms sem ekki er skipulagt í stundatöflu VMA, lotunám en það þarf heilan hóp til þess. Einnig er erfiðara að koma til móts við mismunandi óskir um aðra áfanga t.d. í bóklegu eða verknámi.

#### **Peningar**

Gert er ráð fyrir að VMA fái greiðslur fyrir einingar í vinnustaðanámi á hliðstæðan hátt og fyrir aðrar einingar (vonandi getur það verið að minnsta kosti til að byrja með).

Þær greiðslur fara aðallega til að greiða laun þess sem sér um að ræða við vinnustaði, para saman nemanda og vinnustaði, heimsækja nemanda á vinnustað og taka saman umsögn og gögn í lokin. Vonandi verður hægt að greiða eitthvað fyrir leiðbeinandann.

Nemandinn fær ekki laun því þetta er nám nema ef samningar takast um hlutalaun t.d. með samráði við stéttarfélag.

Vinnustaður fær vonandi eitthvað framlag nemanda til vinnu.

Mikilvægt er að í byrjun fáist aukaframlög sem þróunarfé til að koma þessu af stað, hér gæti verið möguleiki að sækja ekki bara í þróunarsjóði í menntamálaráðuneyti heldur líka í t.d. iðnaðarráðuneyti eða á aðra staði sem atvinnurekendur gætu átt möguleika á styrkjum.

#### **Lok vinnustaðanáms**

Vinnustaðanámi lýkur með heildarmati.

Nemandinn fer í próf hjá Vinnueftirliti í meðferð vinnuvéla ef það á við.

Nemandinn skilar af sér möppu eða öðru sem krafist er.

Vinnustaðurinn skilar af sér því sem ætlast er til í umsögn/endurgjöf til nemandans og skólans.

VMA tekur saman og skilar einkunn/umsögn til nemandans.

VMA útbýr skírteini sem nemandinn fær sent í pósti eins og til allra sem ljúka 52 einingum.

VMA skírteini tilgreinir áherslur í náminu og einstaka áfanga ásamt einkunnum og stuttri umsögn, ef ekki hjá öllum þá um vinnustaðanám hjá þeim sem hafa það á ferlinum.

**Eftir VMA skírteini, framhald fyrir nemandann.**

VMA skírteini á að geta verið tilefni til að hætta í skóla með sóma.

Nemandinn getur sótt um áframhaldandi nám í VMA á ákveðinni námsbraut.

Nemandinn gæti nýtt sér tengsl af vinnustaðnum og fengið vinnu þar áfram.

Nemandinn á að geta sýnt VMA skírteini og hugsanleg réttindi á vinnuvélar og að hann/hún hafi sýnt almenna vinnustaðafærni í náminu. Þetta gæti gert nemandanum frekar kleift að fá vinnu, sérstaklega við ófagbundin störf nema að námið í VMA og vinnustaðanámið hafi að einhverju leyti falið í sér fagsérhæfingu.

Tillögur að uppsetningu náms. Almenn uppsetning.

1. ár haustönn	1. ár vorönn	2. ár haustönn	2. ár vorönn
LKN	LKN	Bókl. áfangar á braut	Bókl. áfangar á braut
ÍÞR	ÍÞR	Verkl. áfangar á braut	Verkl. áfangar á braut
Bókl. áfangar á braut	Bókl. áfangar á braut	Vinnustaðafræði 5 ein.	Vinnust.nám 6 – 8 ein
Verkl. áfangar á braut	Verkl. áfangar á braut		
15 – 18 ein	15 – 18 ein	15 – 17 ein	15 – 17 ein

Dæmi um nemanda á AN1 sem fer á GMV (Grunnnám matvæla- og veitingagreina) á öðru ári.

1. ár haustönn	1. ár vorönn	2. ár haustönn	2. ár vorönn
LKN192	LKN291	Bókl. 1 – 2 áf 2 – 5 ein	Bókl. áf á braut 2-3 ein
ÍÞR102/112	ÍÞR202/212	VÞS 106	VÞS 206
NSK196	VÞS 195	ÍÞR ??1	ÍÞRXX1
UTN192	Bóklegur undirb. 3 ein	HRÖ KMN 2 ein	
ÍSL/STÆ193/293	Bóklegur áfangi 3 ein	Vinnust.fræði 5 - 7 ein.	Vinnust.nám 6 – 8 ein
Bóklegt 3 ein	UTN292 og ??		
15 – 18 ein	14 – 18 ein	15 – 17 ein	15 – 17 ein

Dæmi um nemanda á AN1 sem fer á GMT (Grunndeild málm- og véltæknigreina) á öðru ári.

1. ár haustönn	1. ár vorönn	2. ár haustönn	2. ár vorönn
LKN192	LKN291	GRT103 ??	RAF113 ??
ÍÞR102/112	ÍÞR202/212	LSU102	HSU102
NSK196	SMÍ194 4 ein	SMÍ104	SMÍ204
UTN192	UTN292	VST103 ??	VST204 ??
ÍSL/STÆ193/293	Alm br áf. 2 - 3 ein	ÍÞR ??1	ÍÞR??1
Bóklegt 3 ein	Bókl. Áf 2 - 5 ein	Vinnust.fræði 5 - 7 ein.	Vinnust.nám 6 – 8 ein
15 – 18 ein	15 – 18 ein	15 – 17 ein	15 – 17 ein

Dæmi um nemanda á sem kemur beint inn á verknámsbraut eða AN1B.

1. ár haustönn	1. ár vorönn	2. ár haustönn	2. ár vorönn
LKN102	LKN201	SMÍ306 ?? VÞS333??	SMÍ406 ?? VÞS333??
ÍÞR102/112	ÍÞR202/212	Bókl, verkl	Bóklegar faggr. 3 – 6 ein
SMÍ104 VÞS106	SMÍ204 VÞS206		
LSU102 HRÖ KMN 2 e	HSU102 VÞV102		
GRT103 UTN103	VST204 IÐM102 NÆ 3e	ÍÞR ??1	ÍÞR??1
VST103 Bókl 3 e	RAF113 ÖRS101	Vinnust.fræði 5 - 7 ein.	Vinnust.nám 6 – 8 ein
Bókl 6 e ???	Bóklegt 3 – 6 ein		
18 – 22 ein (varla allt)	18 – 22 ein (varla allt)	15 – 17 ein	15 – 17 ein